

Knattspyrnudeild Vals

Ársreikningur
2025

Knattspyrnudeild Vals
Laufásvegi 1 Hlíðarendi
101 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9
Sundurliðanir	11

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Knattspyrnudeildar Vals er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Aðalstarfsemi Knattspyrnufélagsins Vals er íþróttastarfsemi.

Ársreikningurinn byggir á bókhaldi Knattspyrnufélagsins Vals en knattspyrnudeildin er rekin samhliða öðrum deildum félagsins undir Knattspyrnufélaginu Val og hefur því ekki aðgreindan efnahagsreikning. Ársreikningurinn byggir því fyrst og fremst á deildauppgjöri félagsins en haldið er sérstaklega utan um rekstur knattspyrnudeildarinnar.

Rekstur ársins 2025

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður Knattspyrnudeildar Vals á árinu 2025 46,4 millj. kr. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og söluhagnað leikmanna nam 39,1 millj. kr. en áætlun ársins gerði ráð fyrir 5 millj. kr. rekstrarhagnaði og eru því frávík 34,1 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir knattspyrnudeildar 214,6 millj. kr. Bókfært eigið fé knattspyrnudeildar í árslok er 178,3 millj. kr. Stjórn knattspyrnudeildar vísar í ársreikninginn um breytingar á eigin fé deildarinnar og ráðstöfun hagnaðar.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Knattspyrnudeildar Vals að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu deildarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2025. Stjórn og framkvæmdastjóri Knattspyrnudeildar Vals staðfesta hér með ársreikning deildarinnar fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 17. febrúar 2026.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Knattspyrnudeildar Vals.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Knattspyrnudeildar Vals („deildin“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð deildinni í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits deildarinnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi deildarinnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert deildina órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 17. febrúar 2026.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Miðasala		23.181.625	26.820.348
Styrkir og auglýsingar		332.310.296	251.548.858
Útsendingarréttur		23.467.367	26.114.695
Aðrar rekstrartekjur		208.007.334	186.041.267
		<u>586.966.622</u>	<u>490.525.168</u>
Rekstrargjöld			
Vörunotkun		46.176.083	44.883.986
Laun og launatengd gjöld	4	391.801.296	354.713.815
Rekstur mannvirkja		724.569	97.101
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		9.600.919	722.428
Annar rekstrarkostnaður		99.576.667	83.390.446
		<u>547.879.534</u>	<u>483.807.776</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		39.087.088	6.717.392
Afskriftir	5	22.542.474	18.812.095
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir söluhagnað leikmanna		16.544.614	(12.094.703)
Söluhagnaður leikmanna			
Hagnaður af sölu leikmanna		29.815.679	37.465.123
		<u>29.815.679</u>	<u>37.465.123</u>
Hagnaður ársins	6	<u>46.360.293</u>	<u>25.370.420</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	2025	2024
Fastafjármunir			
Verðgildi leikmanna	5	47.200.000	41.100.000
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		6.428.390	15.843.943
Krafa á aðalstjórn.....	7	160.948.106	91.739.513
Veltufjármunir samtals		167.376.496	107.583.456
Eignir samtals		214.576.496	148.683.456
Eigið fé			
Endurmat leikmanna.....		7.700.000	9.500.000
Annað eigið fé.....		170.569.652	124.209.359
Eigið fé samtals	6	178.269.652	133.709.359
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		11.009.769	3.217.019
Aðrar skammtímaskuldir		25.297.075	11.757.078
Skammtímaskuldir samtals		36.306.844	14.974.097
Eigið fé og skuldir samtals		214.576.496	148.683.456

Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði og söluhagnað	6	16.544.614	(12.094.703)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir leikmanna	5	22.542.474	18.812.095
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		9.415.553	(15.207.312)
Skammtímaskuldir, hækkun		21.332.747	1.923.935
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og söluhagnaðar		<u>69.835.388</u>	<u>(6.565.985)</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir leikmenn		(35.542.474)	(27.662.095)
Seldir leikmenn		34.915.679	41.578.623
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(626.795)</u>	<u>13.916.528</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Krafa á aðalstjórn, breyting		(69.208.593)	(7.350.543)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(69.208.593)</u>	<u>(7.350.543)</u>
Handbært fé í árslok		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Knattspyrnudeildar Vals er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Ársreikningurinn byggir á bókhaldi Knattspyrnufélagsins Vals en knattspyrnudeildin er rekin samhliða öðrum deildum félagsins undir Knattspyrnufélaginu Val og hefur því ekki aðgreindan efnahagsreikning. Ársreikningurinn byggir því fyrst og fremst á deildauppgjöri félagsins en haldið er sérstaklega utan um rekstur knattspyrnudeildarinnar.

2. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við reglugerðir og leyfiskerfi KSÍ og UEFA. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörssdegi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra og tengdan kostnað.

3. Óefnislegar eignir

Félagið eignfærðir leikmannasamninga sína í samræmi við reglur og staðla KSÍ. Yfirverð leikmannasamninga er afskrifað árlega á samningstíma og er sú fjárhæð færð í rekstrarreikning. Endurmat samninganna er fært á endurmatsreikning meðal eigin fjár sbr. skýringu 6.

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig	2025	2024
Laun	101.653.885	72.145.592
Lífeyrissjóður	12.281.399	8.851.786
Bifreiðastyrkur	673.000	2.314.985
Dagpeningar	7.598.940	6.339.221
Launatengd gjöld	7.652.707	5.543.261
Verktakagreiðslur	261.941.365	259.518.970
Laun og launatengd gjöld samtals	391.801.296	354.713.815

Skýringar frh:

5. Óefnislegar eignir

Leikmannasamningar greinast þannig:

Meistaraflokkur karla:	2025	2024
Bókfært verð 1.1.	33.300.000	30.563.500
Eignfærðir leikmenn á árinu	32.642.474	25.362.095
Seldir og aflagðir leikmenn á árinu	(3.600.000)	(3.813.500)
Afskrifað á árinu	(20.942.474)	(18.012.095)
Matsbreytingar á árinu	(800.000)	(800.000)
Bókfært verð 31.12.	40.600.000	33.300.000

Meistaraflokkur kvenna:

Bókfært verð 1.1.	7.800.000	8.300.000
Eignfærðir leikmenn á árinu	2.900.000	2.300.000
Seldir og aflagðir leikmenn á árinu	(1.500.000)	(300.000)
Afskrifað á árinu	(1.600.000)	(800.000)
Matsbreytingar á árinu	(1.000.000)	(1.700.000)
Bókfært verð 31.12.	6.600.000	7.800.000
Bókfært verð alls 31.12.	47.200.000	41.100.000

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Endurmat	Annað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2025	9.500.000	124.209.359	133.709.359
Matsbreyting ársins	(1.800.000)	(1.800.000)	(1.800.000)
Tap ársins		46.360.293	46.360.293
Eigið fé 31.12.2025	7.700.000	170.569.652	178.269.652

7. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. aðalstjórn, móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Knattspyrnudeild Vals er rekin sem deild í Knattspyrnufélaginu Val og hefur ekki sérgreindan efnahagsreikning. Fjármunir deildarinnar umfram sérgreindar kröfur og að frádregnum sérgreindum skuldum eru færðir sem krafa á aðalstjórn í efnahagsreikningi deildarinnar. Krafa á aðalstjórn nam 160,9 millj. kr. í árslok 2025 samanborið við 91,7 millj. kr. í árslok 2024.

8. Greiðslur til umboðsmanna

Greiðslur til umboðsmanna námu alls 9,1 millj. kr. og eru ýmist eignfærðar á leikmannasamninga eða gjaldfærðar sem annar rekstrarkostnaður.

Sundurliðanir

Miðasala

Miðasala skiptast þannig:	2025	2024
Aðgöngumiðar	18.222.623	19.055.956
Ársmiðar	4.959.002	7.764.392
Miðasala samtals	23.181.625	26.820.348

Auglýsingar og samstarfsaðilar

Auglýsingar og samstarfsaðilar skiptast þannig:

Aðalsamstarfsaðilar (aðalsponsorar)	264.309.000	193.800.000
Aðrir styrktaraðilar (sponsorar)	52.916.380	45.439.500
Auglýsingar við velli og önnur mannvirki	15.084.916	12.309.358
Auglýsingar og samstarfsaðilar (sponsorar) samtals	332.310.296	251.548.858

Útsendingarréttur

Útsendingarréttur skiptist þannig:

Íslandsmótið	23.467.367	26.114.695
Útsendingarréttur samtals	23.467.367	26.114.695

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur skiptast þannig:

Evrópukeppnir (greiðslur frá UEFA vegna þátttöku)	181.558.629	137.610.819
Framlag KSÍ vegna leyfiskerfis	1.275.000	1.275.000
Tekjur vegna félagaskipta leikmanna	1.926.724	20.877.804
Aðrar tekjur	23.246.981	26.277.644
Aðrar tekjur samtals	208.007.334	186.041.267

Vörunotkun

Vörunotkun skiptist þannig:

Sjúkravörur og sjúkrakostnaður	20.390.315	20.330.513
Búningar, boltar o.fl.	6.678.721	8.095.062
Fæðiskostnaður	2.968.510	2.127.819
Viðburðakostnaður	6.606.605	5.735.153
Aðrar vörur	9.531.932	8.595.439
Vörunotkun samtals	46.176.083	44.883.986

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig:

Verktagagreiðslur til leikmanna og þjálfara	261.941.365	259.518.970
Launagreiðslur til leikmanna og þjálfara	101.653.885	72.145.592
Dagpeninga og ökutækjagreiðslur	8.271.940	8.654.206
Launatengd gjöld	19.934.106	14.395.047
Laun og launatengd gjöld samtals	391.801.296	354.713.815

Sundurliðanir frh:

Rekstur mannvirkja

Rekstur mannvirkja skiptist þannig:

	2025	2024
Viðhald húsnæðis	581.612	0
Annar húsnæðiskostnaður	142.957	97.101
Rekstur mannvirkja samtals	724.569	97.101

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður skiptist þannig:

Rekstur tölvukerfis	8.211.601	489.439
Önnur aðkeypt þjónusta	1.270.037	55.000
Áhöld og tæki	119.281	177.989
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður samtals	9.600.919	722.428

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður skiptist þannig:

Dómarakostnaður	34.429	406.900
Ferðakostnaður, æfingabúðir og hótélkostnaður	41.823.907	49.080.898
Gjöld vegna félagaskipta leikmanna	6.847.724	2.972.617
Auglýsingar	569.079	1.932.738
Leigugjöld	27.388.993	15.400.803
Rekstur bifreiða	19.070.778	10.806.358
Tryggingar	3.534.300	2.514.179
Ýmis annar rekstrarkostnaður	307.457	275.953
Annar rekstrarkostnaður samtals	99.576.667	83.390.446